

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 103/2024

2024/EES/60/21

frá 26. apríl 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/358 frá 29. september 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1503 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru kröfur um mat á láns hæfi hópþjármögnunarverkefna, verðlagningu hópþjármögnunarútboða og áhættustýringarstefnur og -ferla ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31bln (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2123) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31blo. **32024 R 0358**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/358 frá 29. september 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1503 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru kröfur um mat á láns hæfi hópþjármögnunarverkefna, verðlagningu hópþjármögnunarútboða og áhættustýringarstefnur og -ferla (Stjtið. ESB L, 2024/358, 22.1.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/358, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. apríl 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2024 frá 2. febrúar 2024 ⁽²⁾, eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2024 frá 15. mars 2024 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/358, 22.1.2024.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1518, 27.6.2024 og EES-viðbætur nr. 51, 27.6.2024, bls. 53.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1594, 4.7.2024 og EES-viðbætur nr. 52, 4.7.2024, bls. 48.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.